Fundur stjórnar með Rósu skólastjóra 31.01.23
Kl. 18.00

Skóladagatal
22.feb verður skóladagatal birt fræðsluráði. Þegar fræðsluráð hefur samþykkt dagatölin verða þau birt á heimasíðu skólans.
Verið að horfa til að breyta 200 daga skólaári í 190 daga. Að öðru leyti eru dagatölin mjög lík milli ára.

Lóð
Beðið eftir vori. Settur verður pönnuvöllur þar sem hringurinn er með steinunum, bláa brekkan tekin og skipt um jarðveg í brekkunni.
Ekki á plani hjá bænum að bæta við fleiri leiktækjum. Börnin vilja fleiri leiktæki og hugmynd frá foreldrafélaginu að koma af stað fjáröflun í samvinnu við börnin og foreldra.

Bókasafn
Alltaf að velta upp hvernig hægt er að framkvæma.
Vantar griðarstað fyrir börn að okkar mati (foreldrafélags). En bækur eru alltaf aðgengilegar og í hillum sem "ferðast um".
Hugmynd að starfsmenn fari í heimsókn í aðra skóla til að skoða hvernig aðrir gera þetta.

Árgangaferðir
8.bekkur fór í nóv. og 9.bekkur fer 27.feb.
7.bekkur hefur ekki enn farið, fór allt úr skorðum út af Covid.
Margir af nemendum 8.bekk fór heim úr ferðinni sinni, því þau treystu sér ekki til að klára ferðina.
Á næsta ári munu þá 7.og 8.bekkur að fara í 7.bekkjar ferðina sína.
Þarf að sækja um í Reyki í vor, fyrir næsta ár.

Leikskólamál
Eru með auka 40 börn í húsinu, af því að 10.bekkur er ekki kominn. Leikskóladeildin tekur 104 börn þegar leikskólahlutinn hættir að nýta grunnskólasvæði (núna eru 133 börn í leikskólahlutanum).

Starfsmannaekla í leikskóladeild - verklagið er að skipst er á að senda deildir heim. Það er unnið eftir því verklagi og skráð hvenær hvaða deild var send heim.
Ekki sent heim nema komið sé að öryggismörkum. Ekki alltaf hægt að láta vita kl. 8 (eða fyrr) af manneklu, því sumir starfsmenn byrja seinna að vinna (t.d. 8.30 eða 9) og láta vita um eða eftir 8 að það sé veikt.

Hefur áhrif þegar það loka vegir, því 8 starfsmenn búa í Kjós, Kjalarnesi og Akranesi.

Strætó - fylgd
Stríðni og slæm hegðun hjá börnunum í 3. og 4.bekk sem bíða ein eftir strætó, til að fara í tómstundir.
Viljum láta fylgja þeim út í strætóskýli og bíða með þeim eftir strætó. Rósa skráði hjá sér og ætlar að skoða.

Samskipti
Getum ekki rætt persónuleg mál en einhverjir hafa kvartað yfir samskiptaleysi og aðgerðarleysi. Ræddum við Rósu að þetta væri upplifun einhverra foreldra og hún tók því

mjög alvarlega. Stungum líka upp á að Rósa sendi reglulega fréttabréf, með jákvæðum fréttum og öðru sem er í gangi.

Ráðning nýs kennara
Kom upp umræða á samfélagsmiðlum um starfsmann í Helgafellskóla, sem var látinn fara úr öðru starfi vegna óviðeigandi skilaboða sem hann sendi.
Foreldrar hafa haft samband við foreldrafélagið og vilja vita hverjar forsendurnar eru fyrir því að starfsmaðurinn var ráðinn. Hverjar eru verklagsreglur þegar verið er að ráða í stöður?

Rætt með Rósu. Maðurinn hefur ekki verið kærður fyrir neitt og er með hreint sakavottorð. Hringt var í meðmælendur og vel skoðað það sem er opinbert.
Málefni einstakra starfsmanna eru ekki á forræði stjórnar foreldrafélagsins.
Stjórn foreldrafélags bendir foreldrum á að hafa samband beint við Rósu ef þau hafa einhverjar frekari spurningar.